

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Skilabréf

Viðtakandi: **Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
Sendandi: **Starfshópur um hagsmunafulltrúa eldra fólks**
Dagsetning: **25. apríl 2023**
Málsnúmer: **FRN22030005**
Bréfalykill:

Efni: Skilabréf starfshóps um hagsmunafulltrúa eldra fólks.

Þingsályktunartillaga um hagsmunafulltrúa eldra fólks var samþykkt á 151. löggjafarþing þann 13. júní 2021 en skv. henni er félags- og barnamálaráðherra falið „að stofna starfshóp hagsmunaaðila auk starfsfólks ráðuneytisins sem semji frumvarp til laga um embætti hagsmunafulltrúa eldra fólks. Starfshópurinn meti m.a. hvar slíku embætti væri best fyrir komið og hvert umfang þess skuli vera. Starfshópurinn skili ráðherra drögum að frumvarpi fyrir 1. apríl 2022.“ Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipaði starfshóp hagsmunaaðila þann 20. apríl 2022, sem ásamt starfsfólki ráðuneytisins var falið að vinna að gerð frumvarps til laga um embætti hagsmunafulltrúa eldra fólks. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alzheimer-samtakanna, Landssambands eldri borgara, heilbrigðisráðuneytisins auk fulltrúa félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins en fulltrúar sömu aðila voru í starfshópi sem skipaður var 18. mars 2021 um sama verkefni og skilaði niðurstöðum í júní 2021.

Við umfjöllun um verkefnið kom betur í ljós að svo virðist sem frekar sé þörf á öflugri ráðgjöf eða leiðsögn um úrræði, lausnir og leiðir fyrir eldra fólks en formlegri réttinda- eða hagsmunagæslu eða umboðsmanni eins og þingsályktunartillögur um efnið hafa lagt til. Ýmis þjónusta og úrræði eru í boði fyrir eldra fólk en eldra fólk og aðstandendur þeirra þekkja oft ekki til þeirra lausna sem mögulegar eru. Þá eru til staðar formlegar eftirlitsstofnanir sem taka við erindum þeirra sem telja að þjónustu sé ábótavant s.s. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Embætti landlæknis og úrskurðarnefnd velferðarmála.

Verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk var skipuð í júní 2022. Hlutverk verkefnastjórnar er að leiða vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, að stuðla að samvinnu og samhæfingu á milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra þjónustuaðila, forgangsraða og útfæra tímasett markmið í aðgerðaáætlun til fjögurra ára. Aðgerðaáætlunin var lögð fram á Alþingi vorið 2023. Á vinnustofu um heildarendurskoðunina sem haldin var 22. september 2022 kom skýrt fram hjá hópi aðstandenda fólks með heilabilun að það skorti ráðgjöf. Einnig kom fram í niðurstöðum borðvinnu 60 boðsgesta sem sóttu vinnustofuna að skortur væri á ráðgjöf til eldra fólks og aðstandenda þeirra. Þá er heilbrigðisráðuneytið með í vinnslu frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997 sem fjallar um takmörkun á beitingu nauðungar en breytingarnar fela meðal annars í sér meginreglu um bann við beitingu nauðungar en einnig undanþágur frá meginreglunni þegar brýna nauðsyn ber til að beita nauðung að uppfylltum skilyrðum sem skilgreind eru í frumvarpinu. Enn fremur eru með frumvarpinu lagðar til strangari málsmeðferðarreglur en nú gilda sem fylgja þarf við og í kjölfar slíkra inngripa, þ.m.t. skráningarskyldu tilvika, kæruehimildir og rétt til að bera mál undir dómstóla.

Í ljósi þeirrar vinnu sem lýst er hér að ofan og þar sem ekki liggja fyrir formlegar greiningar á því hvar skóinn kreppir helst varðandi ráðgjöf og upplýsingar til eldra fólks leggur starfshópur um hagsmunafulltrúa fyrir eldra fólk til að vinnu við smíði frumvarps um hagsmunagæslu fyrir eldra fólk verði frestað. Þess í stað verði, í samstarfi við verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, ráðist í að setja á fót tilraunaverkefni til 2-3ja ára um sérstaka ráðgjafaþjónustu fyrir eldra fólk. Samhliða ráðgjöfinni verði gögnum safnað um þau helstu atriði sem eldra fólk þarf ráðgjöf og stuðning með. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað er í gegnum ráðgjöfina verði lagt mat á framtíðarskipulag ráðgjafaþjónustu og/eða hagsmunagæslu fyrir eldra fólk. Ákvörðun um lagasetningu

um hagsmunafulltrúa eldra fólks verði frestað þar til greining og upplýsingar liggja fyrir úr ráðgjöfinni.

Í samstarfi við verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk leggur starfshópur um hagsmunafulltrúa eldra fólks til að komið verði á tvennskonar ráðgjafarþjónustu:

A. *Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess.*

Fólk með heilabilun og aðstandendur þess um land allt hafi aðgang að almennri upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu. Gerður verði samningur til þriggja ára um rekstur upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu með síma- og netspjalli fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess. Með samningnum verði veitt fjármagn til að kosta einn ráðgjafa allan samningstímann. Sú þekking sem fæst á tímabilinu verði notuð til að efla sérhæfða ráðgjöf sem sveitarfélög/heilsugæsla geta veitt í nærumhverfi.

Þessi tillaga er í samræmi við aðgerð B.2 í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028.

B. *Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess.*

Að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar, viðeigandi umsóknareyðublöð og almenna ráðgjöf um allt það sem varðar þjónustu við eldra fólk, bæði félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Hægt verði að nota netspjall eða símtal gerist þess þörf. Í samstarfi við Ísland.is verði unnið að þróunarverkefni til þriggja ára um upplýsinga- og ráðgjafargátt fyrir allt landið með upplýsingum um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess. Þar verði hægt að nálgast, eftir póstnúmerum, upplýsingar og umsóknareyðublöð, en auk þess verði hægt að fá almenna ráðgjöf varðandi réttindi og þjónustu. Byrjað verði með tvo ráðgjafa sem sinni almennri ráðgjöf. Ráðgjafarnir verði í sambandi við aðra aðila, svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustuna. Samhliða ráðgjöfinni verði gögnum safnað um helstu atriði sem eldra fólk og aðstandendur þess þurfa ráðgjöf um og stuðning við. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað verði gegnum ráðgjöfina verði lagt mat á framtíðarskipulag ráðgjafar/hagsmunagæslu fyrir eldra fólk.

Þessi tillaga er í samræmi við aðgerð C.3 í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028.

Lögð verður áhersla á að auglýsa þjónustuna ásamt því að kortleggja og greina erindin sem berast með það fyrir augum að leggja mat á nauðsyn þess að setja á fót embætti hagsmunafulltrúa eldra fólks.